

# Héraðsdómur Reykjaness

Dómur 8. apríl 2026

Mál nr. S-1780/2025:

## Ákærvaldið

(Árni Bergur Sigurðsson aðstoðarsaksóknari)

## gegn

**Vilhjálmur Forberg Ólafssyni**

(Ólafur Eiríksson lögmaður)

## Dómur:

### I

Mál þetta, sem dómtekið var 19. mars 2026, er höfðað með ákæru lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, útgefinni 16. júní 2025, á hendur ákærða Vilhjálmi Forberg Ólafssyni, kt. 000000-0000, [...], [...].

Málið er höfðað á hendur ákærða fyrir brot gegn áfengislögum með því að hafa, sem stjórnarmaður, framkvæmdastjóri og daglegur stjórnandi í Kjútis ehf., kt. 000000-0000 og daglegur stjórnandi í Icelandic Trading Company b.v., kt. 000000-0000, þann 30. maí 2024, selt einn 3000 ml hvítvínabelg af tegundinni BiB Frontera Chardonnay, með 11% áfengisinnihaldi, fyrir kr. 6.898, í smásölu til tilgreinds einstaklings, í gegnum vefsíðuna [www.smarikid.is](#), sem starfrækt er af félaginu Icelandic Trading Company b.v., en ákærði var þá skráður réttihafi lénsins, en áfengið var afhent sendli á vegum Wolt, sem fór með áfengið til umrædds einstaklings í kjölfar þess að viðkomandi hafði innt af hendi greiðslu fyrir áfengið og sendingarkostnað í gegnum greiðslugátt á vefsíðunni klukkan 15:10 þann 30. maí 2024 en umrædd smásala áfengisins var liður í atvinnustarfsemi beggja félaganna. Félagið Kjútis ehf. hafði keypt áfengið af áfengisheildsala á Íslandi á grundvelli tímabundins leyfis til heildsölu áfengis og geymdi það á starfsstöð sinni að Fellsmúla 24 í Reykjavík þar til áfengið var selt og afhent umræddum einstakling en framangreind viðskipti fóru fram án þess að ákærði og félögin sem hann veitti fyrirvar hefðu leyfi til smásölu áfengis á Íslandi á umræddu tímabili. Þannig flutti Icelandic Trading Company b.v. áfengið ekki til Íslands í kjölfar pöntunarinnar í gegnum vefsíðuna heldur hafði milligöngu um smásölu áfengis sem Kjútis ehf. hafði þegar keypt hjá

áfengisheildsala á Íslandi og hafði í geymslu á starfsstöð sinni. Með framangreindum hætti braut ákærði gegn einkaleyfi Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins til smásölu áfengis á Íslandi.

Telst brot þetta varða við 1. mgr. 4. gr., 2. mgr. 9. gr., 1. mgr. 10. gr., sbr. 1. og 4. mgr. 27. gr. áfengislaga nr. 75/1998.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Í ákæru og rannsóknargögnum málsins kemur fram að Smáríkið sé með starfsstöð að Fellsmúla 24 en það á líklega að vera Fellsmúli 26, sbr. heimasíðu Smáríkisins. Þetta breytir því ekki að dómur verður lagður á málið enda varð vörn ákærða ekki áfátt vegna þessa, sbr. 1. mgr. 180. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

Ákærði fór fram á það að leitað yrði ráðgefandi álits EFTA-dómstólsins um skýringu á þeim atriðum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, bókunum með honum, viðaukum við hann eða gerðum („EES-samningurinn“) sem taka þyrfti afstöðu til við úrlausn þessa máls. Með úrskurði dómsins 19. nóvember 2025 var þessari beiðni ákærða hafnað og var sú niðurstaða staðfest af Landsrétti 26. sama mánaðar (mál nr. 820/2025).

## II

### *Málavextir.*

Samkvæmt upplýsingaskýrslu lögreglu voru lögreglumenn við eftirlit við starfsstöð Smáríkisins við Fellsmúla 26 í Reykjavík um hádegi fimmtudaginn 23. maí 2024. Þar urðu þeir m.a. vitni að því að ung stúlka bar þar út í bifreið marga kassa af bjór og aðstoðaði starfsmaður Smáríkisins hana við það. Fullorðinn karlmaður fór einnig þaðan út með áfengi og nokkrir aðilar til viðbótar komu að starfsstöðinni.

Lögreglumenn voru einnig við eftirlit 30. maí 2024 við Fellsmúla 26. Þá kom sendibifreið og af henni var tekið eitt vörubretti með kössum sem m.a. voru merktir „Peroni“ og var farið með brettið inn í starfsstöðina. Starfsmaður þar veitti vörunum viðtöku. Lögreglumenn höfðu síðan afskipti af manni, sem kvaðst vera sendill á vegum Wolt, en hann hafði komið út úr starfsstöðinni með kassa af lager bjór og sett hann inn í bifreið. Viðtakandi sendingarinnar var skráður Sara og símanúmer hennar var við nafnið.

Sendillinn kvaðst ekki hafa aðrar upplýsingar og hann fór síðan á brott. Lögreglumenn höfðu síðan afskipti af öðrum starfsmanni Wolt en hann kom að Fellsmúla 26 á bifreið, fór inn í starfsstöð Smáríkisins og kom þaðan út með vínbelg í kassa. Viðkomandi kvaðst hafa verið að sækja sendingu í Smáríkið, sem reyndist vera Frontera-vínkassi, og viðtakandi var skráður A á [...]. Lögreglumaður hafði samband við hana og tók af henni framburð. Hún kannaðist við að hafa átt viðskipti við Smáríkið með smáforriti á netinu en sendill frá Wolt hafi komið með vöruna til hennar. Hún kvaðst hafa vitað um starfsemi Smáríkisins vegna auglýsingar á netinu. Á reikningi vegna viðskiptanna var A skráð greiðandi en seljandi ITC í Hollandi.

Lögreglumenn fóru inn í starfsstöð Smáríkisins og hittu þar fyrir starfsmann. Hann kvaðst hafa starfað sem verktaki hjá Smáríkinu í nokkra mánuði og taki þar stakar vaktir. Hann kvaðst vera einn á vakt og starf hans fælist í því að afhenda pantanir en greitt væri fyrir vörur á vefnum og hann hefði engin afskipti af því. Hann tæki saman vörurnar sem væru pantaðar og afhenti þær ýmist þeim sem hefði pantað eða sendli á vegum Wolt. Verktakinn sagði að þegar hann hafi verið á staðnum hafi alltaf sami maðurinn komið með vörur á starfsstöðina og hann væri yfirmaður sinn. Á vinstri hönd við innganginn á starfsstöðinni var afgreiðsluborð en innan við það voru hillur með áfengisflöskum og tölvubúnaður vegna afgreiðslu. Þar fyrir innan var kæliherbergi og áfengi í hillum. Á ljósmyndum frá vettvangi má m.a. sjá spjaldtölvu og tölvu með upplýsingum um pantanir, strikamerki og áfengisumbúðir með límmiðum með upplýsingum um pantanir merkt nöfnum, áfengi í hillum og á vörubrettum. Á ljósmyndum sést aðallega bjór og léttvín en einnig sterkt áfengi.

Fimmtudaginn 30. maí 2024 voru lögreglumenn við eftirlit við starfsstöð Smáríkisins að Miðhrauni 22b í Garðabæ þegar þeir sáu karlmann koma þar út með tvo kassa af bjór og hann fór síðan inn í húsnæðið aftur og starfsmaður þar rétti manninum eina kippu af bjór til viðbótar. Hann kvaðst hafa keypt bjór á vefsíðunni smariki.is fyrir um 12.000 krónur, greitt fyrir vörurnar á netinu og væri að sækja þær. Lögreglumenn ræddu við starfsmann Smáríkisins og sagði hún að starf hennar fælist í því að afhenda viðskiptavinum pantanir sem gerðar hefðu verið á vefsíðunni smariki.is. Starfsmenn myndu skoða skilríki og pantanir væru aðeins afhentar kaupanda samkvæmt pöntun. Eigandi Smáríkisins og framkvæmdastjóri þess, ákærði í máli þessu, komu á vettvang.

Í húsnæðinu var afgreiðsluborð í anddyrinu en fyrir innan það voru fimm kæliskápar með áfengi og áfengi í hillum. Lengra inni í húsnæðinu var kæliskápur með áfengi, 17 vörubretti með áfengi og áfengi í hillum og á borði. Á ljósmyndum sem teknar voru á vettvangi sjást kæliskápar með áfengi, áfengi í hillum og á vörubrettum. Um var að ræða bjór, bæði innlandan og erlendan, léttvín og sterkt vín.

Smárikíð var einnig með starfsstöð að Hraunbæ 102a í Reykjavík og þar voru lögreglumenn einnig við eftirlit fimmtudaginn 30. maí 2024. Þeir höfðu þar afskipti af kvenmanni sem kom með kippu af bjór út úr starfsstöðinni. Hún kvaðst hafa pantað kippuna á vefsíðunni smarikid.is, greitt fyrir með greiðslukorti og síðan sótt pöntunina að Hraunbæ 102a. Lögreglumenn fóru síðan, höfðu tal af starfsmanni, skoðuðu starfsstöðina og framkvæmdu birgðatalningu. Á starfsstöðinni koma viðskiptavinir inn í herbergi og þar er lúga þar sem pantanir eru afgreiddar. Fyrir innan afgreiðsluna er geymsla og þar fyrir innan er köld geymsla. Vörutegundir á starfsstöðinni reyndust vera 172 og margar þeirra voru íslensk framleiðsla. Á meðan lögreglumenn voru á staðnum komu þrjár einstaklingar til að sækja pantanir. Á ljósmyndum frá starfsstöð Smárikisins að Hraunbæ 102a sést áfengi á vörubrettum, í hillum og á vögnum, að stærstum hluta bjór og léttvín.

ITC, með heimili í Rotterdam í Hollandi, sótti um skráningu og útgáfu á kennitölu fyrir erlent fyrirtæki vegna bankaviðskipta á Íslandi með umsókn til fyrirtækjaskrár Skattsins, dags. 2. janúar 2024. Samkvæmt upplýsingum úr fyrirtækjaskrá Verslunarráðs Hollands var ITC stofnað 14. september 2023 og starfsemin sögð vera smásala á matvöru og lyfjabúðarvöru á vefnum. Stjórnarmaður við skráningu var ákærði en B var skráð forráðamaður 4. mars 2024 og var það 30. maí 2024 þegar atvikið varð sem ákært er vegna.

Félagið Kjútís var stofnað 18. janúar 2021 og forráðamaður þess var þá ákærði. Starfsemi þess var þá aðallega blönduð heildverslun. Félagið var skráð á virðisaukaskattsskrá 14. september 2023. Tilkynnt var um breyttan tilgang/starfsemi félagsins 25. september 2023 og þá var aðalstarfsemin sögð vera heildsala, dreifing matvæla og áfengis. Með

tilkynningum sama dag var tilkynnt um að ákærði væri stjórnarmaður og prókúruhafi félagsins og lögheimili félagsins væri að Eskiási 1 í Garðabæ.

Í skilmálum Smárikisins segir að viðskiptavinir þess þurfi að hafa náð 20 ára aldri og við stofnun aðgangs á smarikid.is þurfi viðskiptavinir að auðkenna aldur sinn með rafrænum skilríkjum. Allar vörur sem ITC bjóði til sölu í vefverslun sinni séu á lager á Íslandi og afgreiddar úr vöruhúsinu samdægurs eða í síðasta lagi næsta virka dag. Hægt sé að skila allri vöru nema matvöru (matur, bjór og vín) innan 14 daga frá því að viðskipti hafi farið fram.

Kjútís ehf. er með starfsleyfi frá heilbrigðisnefnd Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness, dags. 22. desember 2023. Í leyfinu kemur fram að það taki til heildverslunar og dreifingar á áfengi. Í tölvupósti heilbrigðiseftirlitsins frá 31. maí 2024, í kjölfar heimsóknar í afgreiðslu Smárikisins að Miðhrauni 22b í Garðabæ, kemur fram að hjá þeim sé fyrirtækið skráð hjá eftirlitinu sem Kjútís ehf. sem sé með starfsleyfi fyrir dreifingu matvæla, þ.e. heildverslun með áfengi. Fyrirtækið ITC í Rotterdam sé söluaðili og komi fram á reikningi neytandans. Allar vörur á lager séu keyptar inn í nafni Kjútís ehf. en síðan sé gerður reikningur á milli Kjútís ehf. og ITC. Fyrirtækið Wolt, sem sé með starfsleyfi hjá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur, sjái um heimsendingu fyrir ITC. Þá kemur fram að ITC sé ekki með starfsleyfi hjá heilbrigðiseftirliti og þurfi það að sækja um það til að geta móttækið vöru.

Samkvæmt yfirliti Smárikisins hóf það viðskipti 3. nóvember 2023 og var þá með starfsstöð að Miðhrauni í Garðabæ en í maí 2024 bættust við starfsstöðvar við Fellsmúla og Hraunbæ í Reykjavík. Seldir áfengislítrar frá nóvember 2023 til og með maí 2024 voru 1.689 og velta án virðisaukaskatts var 37.593.864 krónur. Smárikið er með lénið smarikið.is skráð hjá ISNIC og var það skráð 19. júlí 2023 en ákærði er skráður rétthafi þess. Þá var netfangið [info@smarikid.is](mailto:info@smarikid.is) skráð 5. júní 2024 á nafn ITC.

Kjútís ehf. og ITC gerðu með sér þjónustusamning 1. nóvember 2023. Þar kemur fram að Kjútís ehf. sé íslenskt þjónustufyrirtæki sem veiti ITC aðstöðu og aðra þjónustu. Þjónustan felist í því að útvega athafnasvæði eins og þurfi til þess að selja vörur ITC á Íslandi, athafnasvæði eins og vöruhús og önnur geymslusvæði sem tengist skipulögðu

dreifikerfi. Þá skuli Kjútís ehf. taka á móti vörum ITC til sölu á Íslandi og afhendingar á þeim vörum annað hvort til íslenskra viðskiptavina eða íslenskra milliliða. Einnig taki þjónustan til vinnslu og pökkunar á vörum ITC til sölu á Íslandi eins og þörf krefji. Í samningnum segir að Kjútís ehf. sé heimilt að útvista þjónustu samkvæmt samningnum til þriðja aðila en Kjútís ehf. hafi hins vegar ekki vald til þess að semja fyrir hönd ITC eða til að binda það að lögum. ITC skuli greiða Kjútís ehf. þjónustugjald fyrir veitta þjónustu mánaðarlega eða á þann hátt sem kunni að vera samið um. Kjútís ehf. skuli halda tímaskráningu og tímaskýrsla skuli fylgja hverjum reikningi sem skuli gefnir út í íslenskum krónum. Ákærði skrifaði undir þjónustusamninginn bæði fyrir hönd ITC og Kjútís ehf.

Samkvæmt bréfum Skattsins frá 11. júní 2024 var ekki um útflutning að ræða á vegum Kjútís ehf. á tímabilinu 1. september 2023 til 31. maí 2024. Á sama tímabili var hvorki um inn- eða útflutning að ræða á vegum ITC.

Lögregla gerði skoðun 1. júlí 2024 á vefsýnileika fyrirtækisins Smáríkið sem sé íslenskt útsölunafn á fyrirtækinu ITC. Vefsíða fyrirtækisins smarikid.is var skoðuð og opinberar síður þess á Facebook og TikTok. Opinbera síðan sé sölusíða þar sem selt sé áfengi í lausasölu og forsíðan sýni tvo möguleika, sótt eða heimsending og síðan sé hægt að skoða þær vörur sem netverslunin bjóði upp á. Þá sé hægt að skoða staðsetningu verslunar. Skrá þarf sig inn með rafrænum skilríkjum. Auglýsingar á Facebook-síðu Smáríkisins voru flestar um opnunartíma en ekki var hægt að sjá að áfengi væri beint auglýst né að auglýsingum væri beint að ungmendum.

Samkvæmt vottorði úr fyrirtækjaskrá frá 3. júní 2024 var ákærði stjórnarmaður í Kjútís ehf. og með prókúruumboð. Tilgangur félagsins er heildsala, dreifing matvæla og áfengis og önnur ótalin framleiðsla á matvælum. Félagið var stofnað 18. janúar 2021 og forráðamaður þess var þá ákærði.

Ákærði, Vilhjálmur Forberg Ólafsson, gaf skýrslu hjá lögreglu 4. júní 2024. Hann lýsti því að starfsemi Kjútís ehf. væri heildsala með matvæli með áherslu á áfengi. Félagið hafi upphaflega verið stofnað til að reka ísbúð en tilgangi þess hafi verið breytt árið 2023 og þá hafi ákærði komið að rekstri félagsins. Kjútís ehf. sé umboðsaðili ITC á Íslandi en

stundi ekki smásölu á áfengi en í smásölu felist sala til einstaklinga. Þegar viðskiptavinir fari inn á vefsíðuna smarikid.is greiði þeir ITC fyrir pantaðar vörur sem komi frá íslenskum birgjum svo sem Coca-Cola, Mekka, Ölgerðinni, Innnes og Globus en Kjútís ehf., sem sé heildsali áfengis, kaupi áfengi af birgjunum en selji það síðan til ITC. Starfsmaður Kjútís ehf. taki við áfenginu frá birgjunum. Áfengið, sem fari aldrei frá Íslandi, sé síðan selt til viðskiptavina af ITC sem taki við greiðslum fyrir áfengið. ITC sé erlent félag og selji það sem pantað sé í gegnum vefsíðuna smarikid.is. Kjútís ehf. sé með þjónustusamning við ITC um afhendingu á áfengi sem ITC selji. Það félag hafi verið stofnað til að selja áfengi í smásölu á Íslandi en það sé til heimilis í Hollandi og ekki með nein leyfi hér á landi. Forsvarsmaður ITC sé B, vinkona ákærða, en hún sé námsmaður í Hollandi. Eigendur ITC og Kjútís ehf. séu að hluta til þeir sömu, þ. á m. ákærði. Ákærði sagði að Smáríkið væri ekki vinnubúð þrátt fyrir að hafa auglýst á TikTok: „Vinnubúð með lág verð og hraða heimsendingu.“ Forsvarsmenn Smáríkisins hafi ekki verið ánægðir með þessa auglýsingu og hætt samstarfi við auglýsingastofuna sem gerði hana. Ákærði sagði að Kjútís ehf. væri með starfsstöðvar í Miðhrauni, Hraunbæ og Fellsmúla og félagið greiði húsaleigu á þessum stöðum. Áfengið, sem sé pantað hjá ITC, sé afhent á starfsstöðvunum til viðskiptavina eða sendlum frá Wolt ef viðskiptavinirnir óska eftir því en Kjútís ehf. sé dreifingaraðili fyrir ITC og Kjútís ehf. sé með samning við Wolt um dreifingu á seldum vörum. Ákærði kvaðst bæði hafa aðgang að bankareikningum Kjútís ehf. og ITC og með prókúru fyrir báða aðilana. Bókhald fyrir ITC sé fært hér á landi.

Ákærði sagði að fjórir aðilar hefðu stofnað ITC, og þ. á m. ákærði, í þeim tilgangi að selja áfengi í smásölu hér á landi. Það hafi verið fordæmi fyrir þessu fyrirkomulagi á landinu og allt gert samkvæmt gildandi reglum. Ákærði kvaðst ekki vita til þess að ITC hafi keypt áfengi af heildsölum hér á landi.

### III

#### ***Kröfur og sjónarmið ákærða.***

Ákærði krefst þess aðallega að verða sýknaður af kröfum ákæruvaldsins en til vara, komi til sakfellingar, er krafist vægustu refsingar sem lög frekast leyfa. Þá er þess krafist að allur sakarkostnaður verði lagður á ríkissjóð, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða.

Ákærði segir að ákæra í málinu sé í mikilvægum atriðum óljós og það hafi áhrif á möguleika hans til að grípa til varna. Það sé m.a. erfiðleikum bundið að átta sig nákvæmlega á því hvaða háttsemi ákæruvaldið telji refsiverða. Þó segir ákærði að það sé ljóst að hann sé aðeins ákærður fyrir smásölu áfengis en hvorki heildsölu né birgðahald. Hann telur hins vegar að lýsing ákæruvaldsins á málsatvikum og viðskiptunum sé í grundvallaratriðum röng. Ákærði segir að hvorki Kjútís ehf. né Icelandic Trading Company (ITC) selji áfengi í smásölu á Íslandi, heldur hafi Kjútís ehf., sem hafi leyfi til heildsölu áfengis á Íslandi, selt ITC, sem hvorki hafi starfsemi né aðsetur á Íslandi, áfengið úr landi. Áfengið, sem ákært sé vegna, hafi verið geymt á starfsstöð Kjútís ehf. hér á landi á grundvelli þjónustusamnings félagsins við ITC, þar til það hafi verið afhent sendli á vegum Wolt samkvæmt beiðni kaupanda. Ekkert samningssamband hafi verið á milli Kjútís ehf. og kaupanda áfengisins, sem ákært er vegna, en það hafi verið keypt af ITC í Hollandi. Það sé ekki refsivert að kaupa þjónustu af íslenskum aðila um það að geyma áfengi á Íslandi né að afhenda áfengi, sem staðsett sé á Íslandi, en sé í eigu erlends aðila. Í ákæru sé ekki lýst smásölu til einstaklings á Íslandi sem brjóti gegn einkaleyfi Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins (ÁTVR).

Ákærði segir að einkaleyfi ÁTVR til smásölu á áfengi hér á landi nái ekki til vefverslunar með áfengi. Hvorki í áfengislögum nr. 75/1998 né í lögum um verslun með áfengi og tóbak nr. 86/2011 sé að finna skilgreiningu á því hvað felist í einkaleyfi ÁTVR til smásölu á áfengi. Í ákvæðum þar um felist hins vegar takmörkun á atvinnufrelsi sem verði að skýra þröngt enda sé atvinnufrelsi verndað af 1. mgr. 75. gr. stjórnarskrárinnar. Takmarkanir á því verði að koma fram með skýrum hætti í settum lögum og þær verði að skýra þröngt. Ákærði telur að einkaleyfi ÁTVR til smásölu áfengis sé bundið við rekstur áfengisútsölu, þ.e. áfengisverslana, og það taki ekki til sölu áfengis í vefverslun. Þá hafi ÁTVR ekki einkaleyfi á afhendingu áfengis. Alþingi hafi ekki tekið afstöðu til þess með beinum eða óbeinum hætti að vefverslun með áfengi skuli vera ólöglegt og refsiverð. Þá sé meginreglan sú að refsheimildir verði að vera skýrar en ákvæði áfengislaga séu ekki skýr eða ótvíræð um að vefverslun með áfengi sé andstæð lögum.

Þá segir ákærði að skýra verði ákvæði áfengislaga til samræmis við skuldbindingar íslenska ríkisins samkvæmt EES-samningnum, sbr. 3. gr. laga nr. 2/1993. Sala og kaup áfengisins í þessu máli hafi að öllu leyti farið fram í vefverslun félags í Hollandi og slík

viðskipti séu heimil á EES-svæðinu. Þá sé heimilt að nýta milliliði og flutningsaðila í slíkum viðskiptum.

#### IV

##### ***Framburðir ákærða og vitna fyrir dómi.***

Ákærði lýsti því að Kjútís ehf. væri með heildsölu á matvöru, þ. á m. á áfengi, og þannig væri um viðskipti á milli fyrirtækja að ræða. ITC væri erlent fyrirtæki með netsölu á áfengi, gosi o.fl. í Hollandi og hefði verið stofnað í þeim tilgangi. Félagið væri með engan starfsmann hér á landi. Ákærði þori ekki að segja til um hvort ITC væri að selja vörur til einstaklinga í Hollandi. Ákærði kvaðst ekki hafa verið framkvæmdastjóri ITC 30. maí 2024 en hann hafi verið í stjórn félagsins og tekið þátt í rekstri þess, m.a. greitt einn og einn reikning fyrir það. Ákærði hafi hins vegar ekki tekið þátt í daglegum rekstri félagsins. Bókhaldi og fleiru fyrir félagið hafi verið sinnt í verktöku í Hollandi. Stjórnandi félagsins og stjórnarmaður hafi verið B en ákærði kvaðst ekki vita hvort hún hafi sinnt öllum störfum fyrir félagið. Núna kvaðst ákærði stjórna ITC og á árinu 2024 hafi hann haft aðgang að bankareikningum félagsins og haft prókúru fyrir það.

Ákærði sagði að ITC og Kjútís ehf. væru með þjónustusamning sín á milli og sala til ITC væri sala úr landi og ITC væri með engin leyfi til starfsemi hér á landi. Kjútís ehf. taki að sér ýmiss konar ábyrgð fyrir ITC, svo sem vörugeymslu, birgðahald og flutning. ITC sé ekki milliliður í umræddum viðskiptum. Hins vegar sé Kjútís ehf. milliliður en viðskiptavinir ITC versli á smariki.is og greiði ITC fyrir vöruna enda eigi það félag áfengið þegar það sé selt. Ákærði kvaðst ekki vita hvort ITC myndi greiða aðflutningsgjöld hér á landi og hann vissi ekki hver væri þóknun Kjútís ehf. fyrir þátt félagsins í ferlinu. Ákærði kvaðst ekki hafa selt hvítvínsbeljuna sem tilgreind sé í ákæru.

Vitnið, B, kvaðst ekki koma að rekstri Kjútís ehf. en vitnið hafi verið í stjórn ITC frá mars til ágúst 2024. Vitnið vissi ekki hver tilgangur ITC hefði verið og vitnið þorði ekki að segja til um hvaða starfsemi félagið hefði haft með höndum. Vitnið hefði ekki stjórnað félaginu og vissi ekki hver hefði haft aðgang að bankareikningum þess. Vitnið kvaðst hafa búið í Hollandi og verið í námi með ákærða. Hann hafi beðið vitnið um að taka sæti í stjórn félagsins en vitnið vissi ekki hver hafi ákveðið að ITC skyldi greiða fyrir áfengi. Vitnið þekkti ekki til samskipta ITC og Kjútís ehf.

Vitnið, C, kvaðst hafa skrifað skýrslu um inn- og útflutning Kjútís ehf. og ITC sem er meðal rannsóknargagna málsins. Vitnið sagði að tollsvæði Íslands væri landið sjálft og 12 mílna landhelgin. Þegar um innflutning væri að ræða væru vörur fluttar erlendis frá og inn á tollsvæðið en útflutningur væri þegar vara færi frá tollsvæðinu. Vitnið staðfesti skýrslu sína.

Vitnið, A, kvaðst geta staðfest að hafa verslað hvítvín á netinu hjá Smárikínu og fengið það afhent innan við klukkustund frá pöntun. Vitnið kvaðst ekki muna hvort það hefði verið að kaupa áfengið vegna matarboðs eða annars tilefnis en viðskiptin hefðu líklega farið fram fyrir kvöldmat í umrætt sinn.

Vitnið, lögreglumaður nr. D, kvaðst hafa verið á vettvangi og fylgst með umferð við Smárikíð. Þangað hafi komið vörubifreið með vörur og starfsmaður Smárikisins hafi tekið á móti þeim. Þangað hafi einnig komið tveir sendlar frá Wolt sem lögreglumenn hafi rætt við sem og einstakling sem hafi verið skráður móttakandi að sendingu frá Smárikínu. Lögreglumenn hafi rætt við starfsmann Smárikisins, sem ekki hafi verið ákærði, en ekki séð leyfi til starfseminnar. Vitnið staðfesti skýrslu sína.

Vitnið, lögreglumaður nr. E, kvaðst hafa verið ásamt öðrum lögreglumanni að fylgjast með viðskiptavinum Smárikisins. Þeir hafi séð starfsmann Smárikisins taka við vörusendingu og þá hafi þeir séð bílstjóra frá Wolt og rætt við hann. Þá hafi þeir haft samband við einn viðskiptavin Smárikisins og tekið framburð af honum í gegnum síma. Vitnið staðfesti skýrslu sína.

## V

### *Niðurstaða.*

Samkvæmt 108. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála hvílir sönnunarbyrði um sekt ákærða og atvik, sem telja má honum í óhag, á ákærvaldinu. Þá metur dómari það hverju sinni hvort nægileg sönnun, sem ekki verði vefengd með skynsamlegum rökum, sé fram komin um hvert það atriði sem varðar sekt og ákvörðun viðurlaga við broti, þar á meðal hvaða sönnunargildi skýrslur ákærða hafi, vitnisburður, mats- og skoðunargerðir, skjöl og önnur sýnileg sönnunargögn, sbr. 1. mgr. 109. gr. laganna. Þá metur dómari það enn fremur ef þörf krefur hvert sönnunargildi þær staðhæfingar hafa sem varða ekki beinlínis það atriði sem sanna skal en ályktanir má leiða af um, sbr. 2. mgr. 109. gr. laganna. Þá

skal dómur reistur á sönnunargögnum sem færð eru fram við meðferð máls fyrir dómi, sbr. 1. mgr. 111. gr. laganna.

Ákærði heldur því fram að ákæra í málinu sé óljós í mikilvægum atriðum og það hafi áhrif á möguleika hans til að grípa til varna. Samkvæmt c.-lið 1. mgr. 152. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála skal í ákæru greina svo glögg sem verða má hver sú háttsemi er sem ákært er út af, hvar og hvenær brotið er talið framið, heiti þess að lögum og aðra skilgreiningu og loks heimfærslu þess til laga og stjórnvaldsfyrirmæla, ef því er að skipta. Í ákæru er lýst með greinargóðum hætti hver sú háttsemi er sem ákært er vegna og talin er refsiverð af hálfu ákærða. Er háttsemin talin hafa brotið gegn einkaleyfi ÁTVR til smásölu áfengis á Íslandi og um það hverfist mál þetta.

Ákærði tekur fram í greinargerð sinni að aðeins sé ákært fyrir smásölu áfengis en hvorki heildsölu né birgðahald. Af því má ráða að ákærði geri sér grein fyrir því hverjar sakargiftir í málinu séu og verjandi ákærða skilaði 14 blaðsíðna greinargerð vegna málsins. Með hliðsjón af þessu verður ekki annað séð en ákærða hafi verið vel mögulegt að taka til varna í málinu.

Ákærði hefur sjálfur lýst því fyrirkomulagi sem Smáríkið starfar eftir en það hefur leyfi til heildsölu áfengis hér á landi. Smáríkið kaupir áfengi af heildsöluaðilum hér á landi og selur það til ITC í Hollandi. Áfengið fer hins aldrei frá Íslandi þótt kaupandi þess sé í Hollandi heldur er Kjútís ehf. með þjónustusamning við ITC sem felur það í sér að Kjútís ehf. geymir áfengið fyrir ITC sem selur það síðan í netsölu aðilum hér á landi. Kaupendur fá áfengið afhent á starfsstöðvum Kjútís ehf. hér á landi eða starfsmenn félagsins afhenda það sendlum frá Wolt samkvæmt óskum kaupenda sem afhenda það síðan kaupendum. Ekki virðist ágreiningur um það að umrædd viðskipti gangi fyrir sig með þessum hætti en það er þetta fyrirkomulag viðskipta sem ákært er vegna og málið snýst um. Af hálfu ákæruvaldsins er því haldið fram að í þessu felist smásala sem fari gegn einkaleyfi ÁTVR til smásölu áfengis. Ákærði heldur því hins vegar fram að sala áfengis með þessum hætti sé í samræmi við íslensk lög og brjóti þannig ekki gegn einkaleyfi ÁTVR til smásölu á áfengi hér á landi. Ákærði neitar því sök.

Í ákæru segir að ákærði hafi sem stjórnarmaður, framkvæmdastjóri og daglegur stjórnandi í Kjútís ehf. og daglegur stjórnandi í ITC 30. maí 2024 selt einn hvítvínsbelg í smásölu til einstaklings. Ákærði kveðst ekki hafa verið forráðamaður ITC á þessum tíma heldur hafi það verið B sem hafi tekið við og verið skráð sem forráðamaður 1. mars 2024. Fyrir dómi kvaðst ákærði ekki hafa verið framkvæmdastjóri ITC þegar atvikið varð sem ákært er vegna en hann hafi verið í stjórn félagsins og tekið þátt í rekstri þess en þó ekki daglegum rekstri. Stjórnandi félagsins hafi verið B en ákærði vissi ekki hvort hún hefði sinnt öllum störfum fyrir félagið. Ákærði kvaðst hins vegar hafa haft aðgang að bankareikningum félagsins og haft prókúru fyrir þá. B lýsti því fyrir dómi að hún hefði búið í Hollandi og verið í stjórn ITC frá mars til ágúst 2024. Hún vissi ekki hver hefði verið tilgangur félagsins og treysti sér ekki til þess að segja til um hvaða starfsemi félagið hefði haft með höndum. Hún kvaðst ekki hafa stjórnað félaginu og hún vissi ekki hver hefði haft aðgang að bankareikningum þess. Ákærði hafi beðið B um að taka sæti í stjórn félagsins en þau hafi verið saman í námi í Hollandi. Samkvæmt þessu verður ekki annað séð en að skráning B sem forsvarsmanns ITC í mars 2024 hafi verið til málamynda vegna búsetu hennar í Hollandi. Það stóð ákærða næst að upplýsa og leggja fram gögn um það hver hafi verið daglegur stjórnandi ITC í maí 2024 hafi það verið einhver annar en hann sjálfur en það hefur hann ekki gert. Hann hefur hins vegar sjálfur upplýst að hann hafi verið með prókúru fyrir félagið og haft aðgang að bankareikningum þess á ofangreindu tímabili. Því má fullyrða að ákærði hafi verið daglegur stjórnandi í ITC í maí 2024 eins og fram kemur í ákæru. Ákærði hefur ekki mótmælt því að hafa verið forsvarsmáður Kjútís ehf. í maí 2024 enda benda gögn málsins eindregið til þess. Þá skal tekið fram að af ákærunni má ráða að ákærða er gefið að sök að hafa selt umræddan hvítvínsbelg sem forsvarsmáður Kjútís ehf. og ITC en ekki að ákærði hafi selt belginn persónulega. Enda er ekkert fram komið um það að ákærði hafi persónulega átt hvítvínsbelginn og þegar af þeirri ástæðu var ákærði ekki í færi til þess að selja belginn.

Ákærði fullyrðir að hvorki Kjútís ehf. né ITC selji áfengi í smásölu á Íslandi, heldur hafi salan sem ákært er vegna farið fram í vefverslun í Hollandi. Hvorki Kjútís ehf. né ITC flutti vörur frá Íslandi á tímabilinu 1. september 2023 til 31. maí 2024, þ.e. út fyrir tollsvæði íslenska ríkisins. Ekkert liggur heldur fyrir um það að félögin hafi flutt vörur hingað til lands á tímabilinu. Samkvæmt upplýsingum úr fyrirtækjaskrá Verslunarráðs Hollands var fyrsti skráði viðskiptadagur ITC 15. september 2023 og starfsemin sögð

vera smásala á matvöru og lyfjabúðarvöru á vefnum. Í gögnum verslunarráðsins kemur einnig fram að starfsemin er netverslun með matvæli og lyfjavörur og sala áfengra drykkja á Íslandi og í öðrum löndum í gegnum netið. Með tilkynningu til fyrirtækjaskrár Skattsins 5. október 2023 var tilgangi Kjútís ehf. breytt í heildsölu, dreifingu matvæla og áfengis. Lénið samrikid.is var skráð hjá ISNIC 19. júlí 2023 og ákærði var skráður réttihafi þess. Þjónustusamningur milli ITC og Kjútís ehf. er frá 1. nóvember 2023 og skrifar ákærði undir hann fyrir hönd beggja aðila. Þegar þetta og rannsóknargögn málsins eru virt í heild sinni verður ekki annað ráðið en að því fyrirkomulagi sem félögin ITC og Kjútís ehf. ákváðu að hafa á sölu áfengis til einstaklinga eða annarra hér á landi hafi verið komið á í þeim tilgangi að reyna að komast fram hjá einkaleyfi ÁTVR til smásölu áfengis á Íslandi, sbr. 1. mgr. 10. gr. laga áfengislaga nr. 75/1998. Hvað þetta varðar skal tekið fram að hjá lögreglu sagði ákærði að ITC hafi verið stofnað til þess að selja áfengi í smásölu á Íslandi en nú heldur ákærði því fram að ITC stundi ekki smásölu á áfengi hér á landi.

Hugtakið smásala á sér langa sögu í íslensku máli og ekki hefur þótt ástæða til þess að útskýra inntak þess sérstaklega í settum lögum. Í greinargerð með frumvarpi til áfengislaga nr. 75/1998 segir um 1. mgr. 10. gr. laganna að með henni sé lagt til að viðhalda einkarétti ÁTVR til smásölu á áfengi án þess að ástæða þætti til að útskýra sérstaklega hugtakið smásala. Verður að telja óumdeilt að sala á neytendavörum til einstaklinga sé smásala. Þá er einkaleyfi ÁTVR til smásölu áfengis ekki bundið við sölu í áfengisverslunum eins og ákærði heldur fram enda er það ekki takmarkað með neinum hætti í áfengislögunum. Í netsölu getur falist smásala og þó að netsala hafi ekki tíðkast við setningu áfengislaganna á sínum tíma þá verður talið að einkaleyfi ÁTVR til smásölu áfengis taki einnig til netsölu áfengis hér á landi þegar áfengið er selt og ætlað til einkaneyslu. Það fyrirkomulag sem NTC og Kjútís ehf. hafa ákveðið að hafa á sölu áfengis til aðila hér á landi bendir einnig til þess, eins og fram er komið, að félögin hafi ekki talið heimilt samkvæmt gildandi lögum að selja áfengi í netsölu hér á landi, heldur er fullýrt að áfengið sem NTC selur sé selt í netsölu í Hollandi eins og fram er komið.

Atvinnufrelsi er verndað af 1. mgr. 75. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 og verður það ekki takmarkað nema með lögum. Samkvæmt 1. gr. áfengislaganna er tilgangur þeirra að miða að hófsemd í meðferð áfengis. Með bannlögunum svokölluðu,

sem tóku gildi 1. janúar 1915, var innflutningur og sala áfengis bönnuð með öllu. Allt frá þeim tíma hefur sala áfengis verið takmörkuð með einhverjum hætti og með lögum nr. 64/1928 var ríkisstjórn landsins m.a. veittur einkaréttur til innflutnings og sölu á áfengi. Þá hafa aldurstakmörk verið sett varðandi neyslu og kaup á áfengi og þá var ekki heimilt að selja áfengan bjór hér á landi fyrr en 1. mars 1989. Allar þessar takmarkanir, sem og aðrar, hafa verið settar með lýðheilsusjónarmið að leiðarljósi enda hefur skaðsemi áfengis löngu verið viðurkennd. Þessar takmarkanir eru einnig almennar þannig að allir þurfa að sæta þeim. Með vísan til þess verður ekki talið að þær brjóti gegn ákvæði stjórnarskrárinnar um atvinnufrelsi. Þá skal einnig tekið fram að 1. mgr. 10. gr. áfengislaganna er skýr um það að ÁTVR hefur einkaleyfi til smásölu áfengis og fullnægir því reglum refsiréttarins um skýrleika refsheimilda. Það er enginn vafi um það við hvað er átt.

Samkvæmt 2. mgr. 1. gr. lögreglulaga nr. 90/1996 er hlutverk lögreglu m.a. að gæta almannaöryggis, halda uppi lögum og reglu, stemma stigu við afbrotum, vinna að uppljóstran brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála eða öðrum lögum. Í 2. mgr. 18. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála er hlutverk ákæranda að tryggja, í samvinnu við lögreglu, að þeir sem afbrot fremja verði beittir lögmæltum viðurlögum. Þannig var lögreglu skylt að taka til rannsóknar ætlað brot ákærða á áfengislögum og síðan ákæruvaldsins að gefa út ákæru á hendur ákærða væru taldar yfirgnæfandi líkur á því að hann hefði gerst sekur um refsiverða háttsemi í starfsemi ITC og Kjútís ehf. Því getur ekki breytt þó aðrir hafi hugsanlega gerst sekir um sömu eða svipaða háttsemi eins og ákærði vill halda fram en ekki hafi verið ákært vegna þess.

Það er viðurkennt að einstaklingum hér á landi sé heimilt að kaupa áfengi í erlendum vefverslunum og þá flytur viðkomandi einstaklingur áfengið hingað til lands til einkanota með óháðum/sjálfstæðum flutningsaðila en ekki í atvinnuskyni. Þetta má m.a. ráða af EES-samningnum og dómum sem hafa fallið um inntak hans. Þar er ekki um atvinnustarfsemi að ræða eins og í tilfelli ITC og Kjútís ehf. Í ýmsum löndum er smásala á áfengi takmörkuð með einhverjum hætti og slíkar takmarkanir eru taldar heimilar, sbr. það sem áður hefur komið fram um lýðheilsusjónarmið varðandi áfengissölu. Ekki verður séð að dómur Evrópudómstólsins hafi verið á þann veg að starfsemi eins og sú

sem ITC og Kjútís ehf. stunda sé heimil, sbr. dóm í máli nr. C-1981/14, Visnapuu. Hvað þetta varðar skal og bent á það að ekki var fallist á það að leitað yrði ráðgefandi álits EFTA-dómstólsins í tilefni af þessu máli. Í úrskurði Landsréttar hvað það varðar kemur m.a. fram að í dómaframkvæmd EFTA-dómstólsins hafi verið lagt til grundvallar að léttvín af þeim toga sem sakargiftir á hendur varnaraðila lúta að falli utan gildissviðs EES-samningsins.

Það getur engu breytt um mál þetta að einstakir ráðherrar eða alþingismenn hafi í gegnum tíðina talið að starfsemi eins og ITC og Kjútís ehf. reka sé heimil samkvæmt íslenskum lögum. Eins og ítrekað hefur komið fram hefur ÁTVR einkaleyfi til smásölu áfengis hér á landi samkvæmt áfengislögum. Sé það vilji löggjafans að breyta því verður það aðeins gert með breytingu á áfengislögunum og/eða öðrum lögum eftir atvikum. Það er ekki hlutverk dómstóla að breyta settum lögum. Um refsíabyrgð ákærða fer samkvæmt íslenskum lögum.

ITC er ekki með starfsemi á Íslandi en selur þrátt fyrir það áfengi til aðila hér á landi með milligöngu Kjútís ehf. en ákærði er í forsvari fyrir bæði félögin. Um er að ræða að stærstum hluta áfengi sem hefur verið framleitt hér á landi og aldrei farið frá landinu, þ.e. út úr lögsögu íslenska ríkisins. Þessi starfsemi er smásala áfengis. Verður ekki annað ráðið en fyrirkomulaginu á áfengissölu félaganna hafi beinlínis verið komið á í þeim tilgangi að reyna að komast fram hjá einkaleyfi ÁTVR til smásölu áfengis hér á landi eins og áður hefur komið fram.

Með vísan til alls ofanritaðs og rannsóknargagna málsins telst hafið yfir skynsamlegan vafa og þar með sannað að ákærði hafi sem forsvarsmáður Kjútís ehf. og ITC gerst sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök í ákæru og þar með brotið gegn einkaleyfi ÁTVR til smásölu áfengis hér á landi. Þykir háttsemi ákærða rétt færð til refsíákvæða í ákærinni. Hefur ákærði unnið sér til refsingar í samræmi við það.

Ákærði hefur ekki áður sætt refsingu svo kunnugt sé. Með vísan til atvika málsins telst refsing hans hæfilega ákveðin sekt að fjárhæð 100.000 krónur sem greiðist í ríkissjóð innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa að telja, ella sæti ákærði fangelsi í átta daga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ólafs Eiríkssonar lögmanns, sem þykja hæfilega ákveðin með hliðsjón af umfangi málsins 4.947.000 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti. Það skal tekið fram að sá tímafjöldi sem verjandi hefur skráð vegna málsins þykir mjög úr hófi miðað við umfang þess.

Af hálfu ákærvaldsins flutti málið Árni Bergur Sigurðsson aðstoðarsaksóknari.

Ingi Tryggvason héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

#### **D ó m s o r ð:**

Ákærði, Vilhjálmur Forberg Ólafsson, greiði 100.000 krónur í sekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa að telja en sæti ella fangelsi í átta daga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ólafs Eiríkssonar lögmanns, 4.947.000 krónur.

Ingi Tryggvason